



# Lungnabólga af völdum nýrrar kórónaveiru 2019

## Leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna

Mikilvægt er að lágmarka líkur á smiti nýju kórónuveirunnar til annarra. Þess vegna er góð regla að afhenda sjúklingum á biðstofu með slæman hósta og merki um öndunarfærasýkingu skurðstofugrímu, en hún dregur einnig úr líkum á smiti influensu og annarra öndunarfæraveira. Auk þess skal starfsmaður í móttöku eða sá sem svarar í síma við fyrstu samskipti við sjúklinga spyrja þá sem leita heilbrigðisþjónustu vegna einkenna öndunarfærasýkingar [spurninga til að meta líkur á COVID-19 sýkingu](#). Ef sjúklingur svarar einni af spurningum til áhættumats játandi, skal fylgja eftirfarandi vinnureglum:

- a. Ef sjúklingur hefur samband **símleiðis** við heilbrigðisstofnun eða gegnum Heilsuveru skal honum bent á að koma ekki beint á stofnunina heldur halda kyrru fyrir og ef mögulegt gefa honum samband við lækni. Ef ekki er hægt að gefa honum samband við lækni er hann beðinn að hringja í 1700. Ef sjúklingurinn fær samband við lækni á stofnuninni skal læknirinn:
  - meta [líkur á COVID-19 sýkingu](#), og hvort þörf sé á vitjun læknis.
  - Ef þörf er á vitjun læknis er sjúklingurinn beðinn að halda kyrru fyrir og ráðstafanir gerðar til að vitjun geti orðið sem fyrst. Ef ekki er hægt að sinna vitjun frá stofnun sem sjúklingur hafði samband við og sjúklingur er á höfuðborgarsvæðinu skal starfsfólk á stofnuninni hafa samband við 1700 sem skipuleggur vitjunina.
- b. Ef sjúklingur **leitar beint á sjúkrastofnun** án undanfarandi símtals skal hann **ekki sitja og bíða á biðstofu** eftir viðtali við lækni.
  - Setja skal veiruhelda (FFP2) grímu án ventsils á viðkomandi ef hún er aðgengileg og sjúklingur þolir það. Ef ekki er hægt að nota veiruhelda grímu skal nota skurðstofu-grímu og fara með sjúklinginn án tafar inn á herbergi með opnanlegum glugga.
  - Takmarka skal fjölda þeirra sem annast sjúklinginn.
  - Þeir sem annast sjúklinginn skulu nota hlífðarbúnað í samræmi við leiðbeiningar sjá „**Sýkingavarnir**“ fyrir neðan.
  - Læknir skal skoða sjúkling og [meta líkur á COVID-19 sýkingu](#).
  - Ef læknirinn er í vafa hvort sjúklingurinn geti verið með COVID-19 sýkingu getur hann ráðfært sig við vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í síma **543-1000**. **Vakthafandi smitsjúkdómalæknir sker endanlega úr um hvort grunur sé fyrir hendi**. Einnig skal upplýsa sóttvarnalækni og hafa samráð við hann í síma **510-1933** (vaktsími sóttvarnalæknis).

## Við grun um COVID-19 sýkingu að mati læknis

Ef það er mat læknis að sjúklingurinn uppfylli [skilmerki möguleg tilfellis](#) skal fylgja eftirfarandi atriðum:

- Sá læknir sem tók afstöðu til COVID-19 sýkingar skal hafa samband við vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í síma **543-1000** (skiptiborð) og einnig sóttvarnalækni í síma **510-1933** (vaktsími sóttvarnalæknis), eins fljótt og hægt er.
- Beðið skal með allar rannsóknir (t.d lungnamyndatöku og blóðrannsókn) nema sjúklingnum stafi hætta af biðinni.
- Ef þörf er á innlögn á sjúkrahús skal flutningur í einangrun á Landspítala undirbúinn í samráði við vakthafandi smitsjúkdómalækni.
- Þeir sem ekki þurfa á innlögn að halda geta dvalið í einangrun í heimahúsi. Sjá Leiðbeiningar fyrir [heilsugæslu](#) um einangrun og fyrir [almenning](#).
- Ef ekki er mögulegt að einangra í heimahúsi skal læknirinn fá upplýsingar hjá viðkomandi umdæmis- eða svæðislækni sóttvarna um hvar sjúklingurinn skuli dvelja í einangrun.
- Ekki skal nota leigubíl við flutning sjúklinga með grun um COVID-19 sýkingu.
- Sjúklingar sem eiga fara á sjúkrahús skal flytja í sjúkrabíl. Ef sjúklingur þarf ekki að fara á sjúkrahús má hann keyra sjálfur ef ástand hans leyfir og hann hefur afnot af einkabíl. Ef hann kom í fylgd aðstandanda sem getur keyrt hann heim eða í aðra einangrun, skal setja skurðstofugrímu bæði á sjúklinginn og aðstandandann.
- Ef þörf er á sjúkrabíl skal upplýsa sjúkraflutningamenn um grun um COVID-19 sýkingu fyrir flutninginn.

## Ábendingar fyrir sýnatöku

Sóttvarnalæknir mælir með að tekið sér sýni í COVID-19 rannsókn ef sjúklingur uppfyllir [skilmerki fyrir mögulegt COVID-19 tilfelli](#). Sjá [sýnatökuleiðbeiningar](#). Sendandi sýnis greiðir fyrir rannsóknina, ekki einstaklingurinn, jafnvel þegar um ósjúkratryggða er að ræða.

## Sýkingavarnir

### Grundvallarvarúð gegn sýkingum

Almenna reglan er að heilbrigðisstarfsfólk viðhafi ávallt grundvallarvarúð gegn sýkingum í störfum sínum við alla sjúklinga alltaf. Það felur í sér handhreinsun, varúð við hósta og hnerra, viðeigandi notkun hlífðarbúnaðar m.t.t. smitleiða, fyrirbyggingu stunguóhappa, örugga meðferð sorps, þrif í umhverfi og hreinsun, sótthreinsun eða dauðhreinsun áhalda og búnaðar sem notaður er við umönnun og meðferð sjúklinga. Sýkingavarnir fela í sér að smitleið sýkils er rofin á milli manna. Skynsamleg og rétt notkun hlífðarbúnaðar og handhreinsun dregur úr dreifingu sýkla. Allt starfsfólk þarf að kunna rétta notkun og fylgja reglum um umgengni.

Við öndunarfærasýkingar s.s. COVID-19 þarf að:

- Setja hlífðargrímu (helst veiruhelda FFP2 grímu ef mögulegt) á sjúklinginn svo fremi að hann þoli það. Ef ekki skal nota skurðstofugrímu.
- Leiðbeina sjúklingum að halda fyrir vit við hósta og hnerra með bréfpurrku eða olnboga. Bréfpurrka fari beint í lokað sorpílát eftir notkun.
- Gefa leiðbeiningar um handhreinsun með handþvotti eða handspritti.

Við grun um COVID-19 sýkingu skal beita varúð við úða- og snertismiti og það felur í sér að **allir sem koma inn í herbergi sjúklings meðan sjúklingur dvelur þar** skuli nota:

- Skurðstofugrímu
- Einnota hanska og vandaða handhreinsun þegar hanskar eru teknir af **ef** yfirborð eru snert
- Hlífðarslopp **ef** yfirborð í herbergi eru snert (s.s. tæming ruslafötu/þrif)

Að auki þurfa allir sem sinna aðhlyningu eða öðrum störfum **innan við 2 metra** frá sjúklingi:

- Veiruhelda hlífðargrímu (**FFP2**)
- hlífðargleraugu
- einnota hanska við umönnun og vandaða handhreinsun með handspritti (og/eða handþvotti) þegar hanskar eru teknir af
- nota langerma hlífðarslopp/svuntu við umönnun og meðferð
- ganga tryggilega frá notuðum hlífðarbúnaði í poka fyrir sóttmengaðan úrgang

### Umhverfisþrif og sóttgreinsun

- Tryggja þarf að umhverfisþrif séu gerð og með réttum hætti þ.e. vönduð þrif með hreinu sápuvatni og eftir það strokið yfir helstu snertifleti með sóttgreinsunarefni t.d. umhverfisspritti eða natríum hýpóklóríð.
- Með vísan í rannsóknir á virkni sóttgreinsunarefna á sambærilega veiru (SARS) þá virka öll almennt notuð sóttgreinsunarefni til að drepa veiruna s.s. umhverfisspritt, handspritt, própanól, virkon, klórblöndur o.s.frv.
- Nánari upplýsingar um þrif og meðhöndlun líns o.fl. er að finna í [leiðbeiningum til sjálfstæðra fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu](#).

Við útgöngudyr úr herberginu skulu hendur sprittaðar en ef sýnileg óhreinindi eru á höndum skal þvo sér fyrst með sápu og vatni og spritta svo.

## Tilkynningarskylda til sóttvarnalæknis

Athugið að COVID-19 sýking er tilkynningarskyld til sóttvarnalæknis skv. reglugerð nr. 221/2012 með síðari tíma breytingum, um skýrslugerð vegna sóttvarna. Greiningarkóði U07.1 mun verða sértækur kóði fyrir öndunarfærasýkingu vegna COVID-19. **Greiningarkóðar sem má nota til bráðabirgða** eru: **J12.8** Önnur veirulungnabólga + **B97.2** Kransveira/kórónaveira sem orsök sjúkdóma sem flokkaðir eru í aðra kafla.